



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Kortlagning kræklinga (*Mytilus edulis*)
í norðan- og austanverðum Breiðafirði

Guðrún G. Þórarinsdóttir og Anika Sonjudóttir

REYKJAVÍK NÓVEMBER 2020

Kortlagning kræklinga (*Mytilus edulis*)
í norðan- og austanverðum Breiðafirði

Guðrún G. Þórarinsdóttir og Anika Sonjudóttir

Upplýsingablað

Titill: Kortlagning kræklinga (<i>Mytilus edulis</i>) í norðan- og austanverðum Breiðafirði		
Höfundar: Guðrún G. Þórarinsdóttir og Anika Sonjudóttir		
Skýrsla nr. HV 2020-34	Verkefnisstjóri: Guðrún G. Þórarinsdóttir	Verknúmer: 11515
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 41	Útgáfudagur: 19. nóvember 2020
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Jónas P. Jónasson
Ágrip Kræklingur fannst á 77% stöðva sem skoðaðar voru í Breiðafirði en enginn í Patreksfirði. Í Norðurfjörðum Breiðafjarðar fannst hann aðallega grunnt (2-8m), á mjúkum botni og innan um þang og þara, smáar skeljar (30-43mm) og oftast í litlu magni. Þessi kræklingur var illveiðanlegur vegna dýpis og botngróðurs. Í álum innar í firðinum (Þorskafjarðaráll, Króksfjarðaráll, Hrappsáll, Þingeyraráll) fannst kræklingurinn dýpra (8-37m) í töluverðum straumi, á grófum malar- eða steinabotni, skeljarnar stórar (70-80mm), þaktar ásætum, lítil lengdardreifing og sumstaðar í töluverðu magni. Þéttleikinn var mestur í Þorskafjarðaráli (10 kg/m²), svæðið áætlað 100,000 m² og heildarmagnið um 1000 tonn. Í Þingeyraráli var þéttleikinn minni (2 kg/m²), stærð svæðis áætluð 750,000 m² og heildarmagnið um 1500 tonn. Kjötinnihaldið (holdfylling) var mælt í júní í Norðurfjörðunum 18-26% en í september í áluum, 15-18%. Íslenskur markaður krefst skelstærðar >45 mm, holdfyllingar > 20% og ásætulausra skelja. Niðurstöðurnar benda því til þess að kræklingurinn sem fannst og var veiðanlegur vegna dýpis og magns hafi ekki verið markaðsvara. Abstract Blue mussels were observed at 77% of the stations investigated in Breiðafjörður but nothing was found in Patreksfjörður. In the northern fjords of Breiðafjörður most of the mussels were observed on algae beds at low depths (2-8m), soft bottom, small individuals (30-43mm) in low abundance. These mussel beds are not considered fishable because of small mean size, low depth and much algae. In the inner part of Breiðafjörður blue mussel beds were observed at greater depth (8-37m), in strong currents and at hard bottom (Þorskafjarðaráll, Króksfjarðaráll, Hrappsáll, Þingeyraráll). Here the individuals were big (70-80mm), narrow size range, the shells covered with epifauna and at some stations in considerable abundance. The abundance was greatest in Þorskafjarðaráll, (10 kg/m²), the size of the area 100,000 m²		

and the stock size about 1000 tonn. In Þingeyraráll the abundance was 2 kg/m², the size of the area 750,000 m² and the stock size about 1500 tonnes. The meat yield was measured in June in the northern fjords, 18-26%, but in September in the deeper areas, 15-18%. The blue mussel market in Iceland demands meat yield greater than 20% and minimum shell size 45 mm. The results from this investigation indicate that the blue mussels from the fishable beds because of depth and abundance were not of the quality the the market demands.

Lykilorð: *Mytilus edulis*, kræklingur, útbreiðsla, kortlagning, neðansjávarkvikmyndavél, Breiðafjörður

Undirskrift verkefnisstjóra:



Undirskrift forstöðumanns sviðs:



Efnisyfirlit

Bls.

Inngangur	1
Framkvæmd	2
Niðurstöður og umræða	6
Þakkir	9
Heimildaskrá	10
Viðauki	11
1. Stöðvalýsingar	11
1.1. Patreksfjörður	11
1.2. Breiðafjörður	12

Myndaskrá

1. mynd. Kræklingur (<i>Mytilus edulis</i>). Ljós./Photo: Svanhildur Egilsdóttir.	1
2. mynd. Ólafur Magnússon, SH 46 frá Stykkishólmi. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir. ..	3
3. mynd. Neðansjávarkvikmyndavél notuð við könnunina. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.	3
4. mynd. Botnplógurinn sem notaður var við könnunina. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.	4
5. mynd. Kort sem sýnir rannsóknastöðvar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst, svartur stöð án kræklinga.	4
6. mynd. Opnar kræklingsskeljar eftir að hafa verið hitaðar (gufusoðið) í örbylgjuofni. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.	5
7. mynd. Rannsóknarstöðvar í Patreksfirði. Svartur punktur táknar stöð með engum kræklingi.	11
8. mynd. Rannsóknarstöðvar í Vatnsfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.	13
9. mynd. Lengdardreifing kræklinga á stöð 3 í Vatnsfirði.	14
10. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kjálkafirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.	14
11. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kerlingarfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.	15
12. mynd. Rannsóknarstöðvar við Vestureyjar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst, svartur stöð án kræklinga.	17
13. mynd. Rannsóknarstöðvar í Skálmarfirði og við Svínanes. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst en svartur stöð á kræklinga.	18

14. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kvígindisfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	19
15. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kollafirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	20
16. mynd. Lengdardreifing krækings á stöð 2 í Kollafirði.	21
17. mynd. Kræklingur og þang í Kollafjarðarfjöru.	22
18. mynd. Rannsóknarstöðvar í mynni Þorskafjarðar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	22
19. mynd. Kræklingur og svampar í Þorskafirði.	23
20. mynd. Lengdardreifing krækings á stöð 3 Þorskafirði.	24
21. mynd. Kræklingur með ásætum (kalkskán, hrúðurkarl, rauðþörungur og brúnþörungur) á stöð 9 í Þorskafirði. Ljósmynd/photo: Guðrun Þórarinsdóttir.	25
22. mynd. Kræklingur alsettur hrúðurkörnum á stöð 10 í Þorskafirði. Ljósmynd/photo: Guðrun Þórarinsdóttir.	26
23. mynd. Kræklingabreiður í fjöru í Þorskafirði.	27
24. mynd. Rannsóknarstöðvar í Sviðnasundi. Svartur punktur táknar stöð án kræklinga.	28
25. mynd. Rannsóknarstöðvar í Berufirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	29
26. mynd. Rannsóknarstöðvar í Króksfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	30
27. mynd. Lengdardreifing krækings á stöð 2 í Króksfjarðaráli.	32
28. mynd. Rannsóknarstöðvar í Þingeyrarál, Gilsfjarðarál og Tjaldanesál. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.	32
29. mynd. Kræklingur alsettur hrúðurkörnum á stöð 1 í Þingeyraráli.	33
30. mynd. Rannsóknarstöðvar í Hróteyjarrost. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst og svartur stöð án kræklinga.	34
31. mynd. Rannsóknarstöðvar í Hrappssáli. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.	35
32. mynd. Lengdardreifing kræklinga á stöð 2 í Hrappssáli.	36

Töfluskrá

Tafla 1. Botndýrategundir greindar af kvikmyndaupptöku frá rannsóknarstöðvum í Patreksfirði og norðanverðum Breiðafirði. Fjöldi einstaklinga hverrar tegundar er áætlaður sjónrænt. X= fáir, xx= töluvert magn, xxx=mikið magn. Botngerð; S= sandur, l= leir, h= hart, sk= skeljasandur, st= steinar, m=möl, gr= grjót, g= grófur.

Inngangur

Kræklingur (*Mytilus edulis*) nefnist einnig bláskel, krákuskel eða kráka. Þessi tegund tilheyrir ættinni Mytilidae og ættkvíslinni Mytilus, en til hennar teljast allmargar tegundir víðsvegar um heim. Kræklingur finnst víða á norðurhveli. Í Norðaustur-Atlantshafi finnst hann allt frá Hvítahafi að Suður-Frakklandi og í kringum Bretlandseyjar, Færeyjar og Ísland. Í Norðvestur-Atlantshafi frá Kanada suður til Norður -Karolínu í Bandaríkjunum og á suðuhveli við Suður-Ameríku og á Falklandseyjum (Gosling 1992). Við Ísland er hann algengur allt í kringum land, nema við Suðurströndina en þar vantar tegundina hagkvæm búsvæði. Algengt er að kræklingur finnist í fjöru og neðan hennar á 0-10 m dýpi en hefur þó fundist mun dýpra (Bayne 1976). Hér við land hefur hann fundist allt niður á 30 metra dýpi (Botndýragrunnur 2018). Heimkynnin eru aðallega grýttur botn þar sem skeljarnar geta fest sig við undirlagið með spunapráðum, eða sléttur sand- eða malarbotn þar sem skjól er gott og er hann þar oft að finna í klösum.

Fullorðnar skeljar eru blásvartar á ytra borði en ungar skeljar eru brúnleitar (1. mynd). Innra borð skeljanna er bláhvítt. Stærsti kræklingur sem fundist hefur við Ísland var 11 cm að lengd og 133 gr að þyngd (Karl Gunnarsson o.fl. 1998).



1. mynd. Kræklingur (*Mytilus edulis*).

Figure 1. The blue mussel, *Mytilus edulis*. Ljósmynd./Photo: Svanhildur Egilsdóttir.

Nýting á kræklingi hérlandis hefur verið lítil. Á árum áður var hann aðallega veiddur til beitu en einnig lítillaga tíndur í fjörum til matar (Lúðvík Kristjánsson 1980). Í lok 20. aldar vaknaði áhugi fyrir nýtingu til manneldis bæði veiðum og seinna ræktun (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2005).

Erlendis hafa ýmsar kræklingstegundir verið veiddar og ræktaðar í miklu magni. Stærsti hluti heimsframleiðslunnar er kræklingurinn frá Evrópu. Heildarframleiðsla í Evrópu árið 2018 var 171.000 tonn og framleiddi Danir mest eða 44.000 tonn (FAO 2020).

Árið 1998 stóð Pétur Ágústsson í Stykkishólmi fyrir tveimur könnunarleiðöngrum á kræklingi á Vesturlandi í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Markmið rannsóknarinnar var að kanna útbreiðslu og magn kræklinga í Patreksfirði og Breiðafirði með plógveiðar í huga og að afla upplýsinga um hvaða önnur stærri botndýr væri að finna á svæðunum ásamt botngerð. Niðurstöðum þessara leiðangra eru gerð skil í þessari skýrslu.

Framkvæmd

Rannsóknirnar fóru fram 18.-24. júní og 30. september-3. október 1998 á Ólafi Magnússyni SH 46, 57 tonna eikarbáti frá Stykkishólmi (2. mynd). Skipstjóri var Óskar Eyþórsson, en aðrir áhafnarmenn voru Jens Óskarsson, Björn Guðmundsson og Guðmundur Snorrason. Kvikmyndatökumaður frá Djúpmynd var Stefán Jarl Sigurjónsson og sérfræðingur frá Hafrannsóknastofnun Guðrún G. Þórarinsdóttir.

Til rannsókna var notuð neðansjávarkvikmyndavél (3. mynd) og botnplógur. Plógurinn var 2 m að breidd með 50 cm op og 23 cm á milli kjálkana. Í plógnum var járnhringjamotta og var innanmál hringjanna 6 cm (4. mynd).



2. mynd. Ólafur Magnússon, SH 46 frá Stykkishólmi.

Figure 2. The boat, Ólafur Magnússon, SH46 from Stykkisholmur. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.



3. mynd. Neðansjávarvikmyndavél notuð við könnunina.


Figure 3. The underwater videomount used. Ljós./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.



4. mynd. Botnplógurinn sem notaður var við könnunina.

Figure 4. The blue mussel dredge used in the investigation. Ljósmynd./Photo: Guðrún Þórarinsdóttir.

Neðansjávarkvikmyndavélin var notuð til að finna og áætla stærð kræklinga. Stöðvarnar voru valdar eftir dýpi og botngerð. Myndaðar voru alls 70 stöðvar (8 í Patreksfirði og 62 í Breiðafirði) (5. mynd).



5. mynd. Kort sem sýnir rannsóknastöðvar. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst, svartur stöð án kræklinga.

Figure 5. A map showing the investigation sites. A red point is a station with blue mussels, a black point without.

Myndefnið var skoðað á sjónvarpsskjá um borð í bátnum og botngerð metin þar af; s= sandur, l= leir, h= hart, sk= skeljasandur, st= steinar, m=möl, gr= grjót, g= grófur botn. Sæist eitthvað magn af kræklingi á skjá var flatarmál kræklingsbreiðunnar áætlað og plógsýni tekin. Togað var á 2-50 m dýpi. Tekin voru stöðluð 3-5 mín tog á hraðanum 2,2 sj.m/klst. Yfirferð plógsins var síðan reiknuð út, afli í togi vigtaður og lífþyngd kræklinga/m² áætluð. Veiðihæfni plógsins var áætluð 70% á sléttum sandbotni en 50% á grófari botni. Veiðihæfni kræklingaplógs í Danmörku hefur verið áætluð 20%-100%. Rannsóknir hafa leitt í ljós að eftir því sem meiri kræklingur er á botninum þeim mun lélegri er veiðihæfni plógsins (Hoffmann 1993).

Tekið var slembisýni af handahófi úr plögnum (2-4 kg) til lengdarmælinga á skeljunum. Kjötinnihald skeljanna (holdfylling) var reiknað út eftir að skeljarnar höfðu verið hitaðar um það bil 2 mínútur í örbylgjuofni og höfðu opnast vel (6. mynd). Þess ber að geta að töluvert vökvatap verður við þessa meðhöndlun.

Tvær aðferðir eru notaðar við mælingu á holdfyllingu kræklinga, önnur er kennd við Evrópu (hlutfall innmatar (gufusoðið) af heildarþyngd fersks kræklinga) og er sú aðferð notuð hér, en hin við Kanada (hlutfall innmatar (gufusoðið) af heildarþyngd gufusoðins kræklinga) (sjá Valdimar Gunnarsson o.fl. 2003).



6. mynd. Opnar kræklingsskeljar eftir að hafa verið hitaðar (gufusoðið) í örbylgjuofni.
Figure 6. Blue mussel shells after heating in a microwave oven. Ljósmynd: Guðrún Þórarinsdóttir.

Reyndist mikið um ásætur á skelinni eða mikill aukaafli, voru skeljarnar hreinsaðar og aukaaflinn skilinn frá, áður en reiknuð var út lífmassi kræklinga á fermetra (kg/m^2). Aukaafli var greindur til tegunda þar sem það var hægt, en annars til hópa.

Í viðauka er gerð grein fyrir hverri stöð fyrir sig í þeim firði sem skoðaður var, þ.e. dýpi, staðsetning, botnagerð, tegundir (hópar) sem fundust og stöðvarnar merktar inn á fjarðarkort. Sæist botndýrategund (hópur) á svæðinu var hún merkt inn á töflu með x, ef um eitthvert magn var að ræða þá xx og ef mikið var af tegundinni þá xxx. (Tafla 1 í viðauka). Í texta um niðurstöður á hverju svæði eru ríkjandi tegundir feitletraðar.

Fjörur voru gengnar í Þorskafirði og Kollafirði (hér fannst mest af kræklingi í könnuninni) en engar mælingar fóru þar fram enda var tilgangur könnunarinnar að finna og kortleggja veiðanlegan krækling.

Niðurstöður og umræða

Niðurstöðurnar sem hér verður greint frá gefa aðeins upplýsingar um útbreiðslu og magn kræklinga í Breiðafirði og Patreksfirði á veiðanlegum svæðum sem eru dýpri en 2 m. Þar sem kræklingur er hnappdreifður getur jafnframt skekkjan í magnútreikningum fyrir hvert svæði orðið talsverð þegar svo fáar stöðvar eru skoðaðar innan svæðis eins og í þessari rannsókn.

Kræklingur fannst á 48 af 70 stöðvum sem rannsakaðar voru í allri könnuninni (5. mynd og Tafla 1 í viðauka) eða í 54% tilfella. Enginn kræklingur fannst í Patreksfirði á þeim 8 stöðvum sem skoðaðar voru og var því hlutfall stöðva þar sem kræklingur fannst á í Breiðafirði 77%. Auk kræklinga voru 17 tegundir/hópar botndýra greindar af kvikmyndaupptökunni um borð í bátum og úr aflasýnum og var fjöldi tegunda/hópa á hverri stöð 0-8 (Tafla 1 í viðauka). Ríkjandi tegundir voru mismunandi eftir fjörðum og stöðvum innan fjarða.

Í Breiðafirði var kræklingur að finna annars vegar grunnt, frá fjöru niður á um það bil 10 m dýpi á mjúkum sléttum sand- eða leirbotni. Kræklingurinn var innan um þang, oftast í litlu magni og skeljar voru smár. Hins vegar fannst kræklingurinn dýpra (8-37 m) í staumhörðum álum á grófum malar- eða steinabotni. Þarna voru skeljar oftast stórar, þaktar ásætum og sumstaðar í töluverðu magni.

Í öllum Norðurfjörðum Breiðafjarðar fannst kræklingur við fyrst nefndar aðstæður, það er grunnt innan um þang og þar en þyngdarhlutfall hans í plógnum var lítið miðað við þangið og skeljarnar voru frekar smáar, án ásæta og kjötinnihaldið hátt. Mesta magn sem fannst við þessar aðstæður var í Kollafirði en ekki var gerð tilraun tillífmassamælinga né stærðar svæðis. Skeljarnar voru innan um mikið af þangi sem gerir veiðar illmögulegar, en voru í markaðsstærð

(>45 mm). Gengnar voru fjörur í Kollafirði og var svipuð samsetning þar að sjá, mikið um krækling innan um þang.

Við síðarnefndu aðstæðurnar, það er dýpra, á grófum botni og í töluverðum straumi fannst kræklingur í álum og röstum. Mest var magnið í mynni Þorskafjarðar (Þorskafjarðaráll) og í Þingeyraráli. Í Þorskafirði var aðal kræklingsbeltið í lænu á 8-14 m dýpi sem áætluð var 0,1 km² (1000 m að lengd og 100 m að breidd). Hér var mikill straumur og lífmassinn var hér mestur í allri könnuninni, 10 kg/m². Heildarmagn kræklinga í lænunni var áætlað um 1000 tonn. Kræklingurinn var mjög stór, meðallengd 70 mm og lengdardreifingin lítil sem bendir til gamalla árganga og lítillar nýliðunar. Skeljarnar voru alsettar ásætum, kalkskán eða hrúðurkörlum. Á einni stöð í Þorskafirði sást kræklingur á 37 m dýpi sem er einstakt, þar sem hann hefur við Ísland dýpst verið skráður á 33 m dýpi (Botndýragrunnur 2018).

Í Þingeyraráli var kræklingsbelti að finna á 14-17 m dýpi á svæði sem var áætlað 0,75 km² (1500 m að lengd og 500 m að breidd). Hér var mikill straumur, grófur botn og erfitt að draga plóg. Mikið var um ásætur á skelinni, aðallega hrúðurkarla en markaðurinn krefst þess að skelin sé hrein að utan og því sem næst án ásæta eða að hámarki 5% skelja með ásætur (Valdimar Gunnarsson o.fl. 2003). Meðallífmassinn var áætlaður 2 kg/m² eftir að búið var að hreinsa kræklinginn af ásætum, en heildarvigtin minnkaði við það um 50 %. Heildarmagn kræklinga í álum var áætlað um 1500 tonn.

Í öðrum álum í Breiðafirði sem skoðaðir voru í könnuninni var kræklingsmagnið mun minna og ekki gerð tilraun til að meta lífmassa á fermetra.

Eins og fram kemur hér að ofan var kræklingurinn á þeim svæðum sem hann fannst í veiðanlegu magni (mynni Þorskafjarðar og Þingeyraráll) stór, lítil stærðardreifing, skeljarnar þaktar ásætum og líklega stofninn gamall. Kræklingsskeljar mynda perlur með aldrinum og má ætla að perlur hafi verið að finna í þessum skeljum þó það hafi ekki verið kannað. Í rannsókn á nýtingu villts kræklinga í Hvalfirði árið 1997 (Guðrún G. Þórarinsdóttir 1997) kom í ljós að perlumagnið var langt yfir viðmiði markaða sem er undir 0,02 perlur á hvert gramm kræklinga (Newell 1990).

Hérlandis eru litlar upplýsingar til um útbreiðslu og magn kræklinga á veiðanlegu dýpi (>2 m). Í Hvalfirði var gerð könnun á útbreiðslu og magni kræklinga og fannst hann í veiðanlegu magni á 2-6 m dýpi á sléttum sand- eða leirbotni. Meðallífmassinn var 0,5-3,4 kg/m² sem er töluvert minna en í mynni Þorskafjarðar og meðallengd skelja 28-72 mm eftir svæðum. Kræklingssvæðin í Hvalfirði reyndust mun stærri en þau sem fundust í Breiðafirði í núverandi könnun og var lífmassi í innanverðum firðinum áætlaður 13.000 tonn (Guðrún G. Þórarinsdóttir 1997). Þéttleiki kræklinga á Íslandi þar sem hann hefur verið kannaður á veiðanlegum svæðum vegna dýpis er innan marka þess sem finnst í Danmörku en svæðin hér

eru mun minni. Danir framleiða mest af kræklingi í Evrópu og eru Limafjörður og Vesturströnd Jótlands aðalveiðisvæðin. Árið 1997 var meðallengd kræklinga 20-67 mm og meðallífmassinn 0,5 - 2 kg/m² eftir svæðum í Limafirði (Hoffman og Kristensen 1997) og við Vesturströnd Jótlands 35-50 mm eftir svæðum og meðallíffþyngdin 1,6 kg/m² (Phil og Kristensen 1998). Veiðarnar fara fram á >2 m dýpi og er minnsta löndunarstærð 45 mm (Kristensen 1993)

Í núverandi rannsókn var kjötinnihaldið (holdfylling) mælt í júní í fjöðum í norðanverðum Breiðafirði, það er Vatnsfirði, 26% og Kollafirði 18% en meðallengd skelja var lítil eða 30 og 43 mm og dýpið 6 -10 m. Í lok september var mælt innar í firðinum það er í Þorskafjarðaráli 17%, Króksfjarðaráli 20%, Þingeyraráli 18% og Hrappsáli 15% en hér voru skeljarnar mun stærri eða frá 70-80 mm að meðallengd og dýpið 8-18 m. Kjötinnihaldið (holdfylling) er misjafnt eftir árstímum. Rétt fyrir hrygningu stígur þyngdin, fellur með hrygningunni og nær lágmarki að henni lokinni, en nær síðan hámarki seint að hausti. Í núverandi rannsókn er líklegt að kræklingurinn í Vatnsfirði hafi verið kominn að hrygningu en henni gæti hafa verið lokið í Kollafirði. Aftur á móti var holdfyllingin mæld að hausti í álunum og hrygningu sennilega lokið þar. Hrygningartími kræklinga á Íslandi getur verið mismunandi á milli ára og staða. Kræklingurinn hrygnir að vori eða sumri þegar næga fæðu er að hafa fyrir ungvíðið á formi svifþörungna. Þrjár rannsóknir hafa verið gerðar á hrygningu kræklinga við Ísland. Í Mjóafirði og Breiðafirði hefst hrygning í lok júní eða júlí, nær hámarki í ágúst og líkur í nóvember (Guðrun G. Thorarinsdóttir og Karl Gunnarsson 2003). Í Hvalfirði var aðalhrygningartíminn árið 1986 frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst, en ári seinna frá miðjum júní til júlíloka (Guðrun G. Thorarinsdóttir 1996).

Kjötinnihald skelja fer vaxandi miðað við skellengd þar til hámarki er náð en fellur síðan með aukinni skellengd eftir það. Hvert þetta hámark er fyrir krækling er ekki vitað, en ætla má að það sé innan þeirra stærðarmarkna sem skoðuð voru í núverandi rannsókn, þar sem minni kræklingur hafði hlutfallslega hærra kjötinnihald en sá stærri. Kjötinnihald ræktaðs kræklinga er almennt mun hærra en þess villta. Í ræktaðum kræklingi í Hvalfirði (2ja ára) var kjötinnihaldið 30% í september (Guðrún G. Þórarinsdóttir 1987).

Íslenskur makaður krefst holdfyllingar að lágmarki 20%, samkvæmt Evrópumælingu (Valdimar Gunnarsson o.fl. 2003). Í Danmörku krefst kræklinga markaðurinn holdfyllingar yfir 16% og hver vöðvi skal vera yfir 3 g (mælt eftir að skeljar hafa opnast við upphitun) (Kristensen munnl.). Hafa ber í huga að markaðsstærð kræklinga er >45 mm bæði í Danmörku og á Íslandi (Valdimar Gunnarsson o.fl. 2005) sem er mun minna en meðallengd skelja úr álunum í Breiðafirði.

Kræklingur í veiðanlegu magni fannst aðeins á 2 svæðum í rannsókninni, í mynni Þorskafjarðar og í Þingeyraráli. Á þessum stöðum var mikill straumur, dýpið 8-15 m og oft erfitt að draga

plóginn. Lífmassinn á hvern fermetra var mikil, en veiðisvæðin mældust lítil. Auk þess var kræklingurinn þakinn ásætum og væntanlega gamall þar sem skeljar voru stórar og þykkar, stærðardreifingar litlar og stofninn alls ósnertur. Markaðurinn krefst þess að skelin sé hrein að utan og því sem næst án ásæta eða að hámarki 5% skelja með ásætur (Valdimar Gunnarsson o.fl. 2003). Nýting kræklinga af þessum svæðum er af þessum orsökum erfið og þyrfti að grisja stofninn til að fá inn nýliðun og nýtanlegar skeljar.

Þar sem kræklingur er hnappdreifður, getur verið erfitt að finna hann með neðansjávarkvikmyndavél. Víða erlendis eru yfirferð plógs og magn afla notað til að meta stofnsærð kræklinga en einnig loftmyndir (Herlyn 2005). Eigi loftmyndataka að skila árangri verður kræklingurinn að vera hreinn (ekki innan um þang og þara) og liggja grunnt. Einnig verða veðurskilyrði að vera hagstæð þegar myndað er, þ.e. logn og bjart, og straumur lítill. Íslenskar veðurfarsaðstæður leyfa varla notkun þessarar rannsóknaraðferðar auk þess sem reynslan úr Breiðafirði sýnir að kræklinginn var að finna innan um þang og þara eða á töluverðu dýpi í miklum straumi.

Þakkir

Við þökkum Pétri Ágústssyni og Svanborgu Siggeirsdóttur í Stykkishólmi fyrir gott samstarf varðandi skipulagningu og framkvæmd leiðangursins. Jónas P. Jónasson las yfir handritið og gaf góðar ábendingar, Svanhildur Egilsdóttir skannaði inn myndir og er þeim þakkað fyrir.

Heimildaskrá


- Bayne, B.L. (1976). *Marine mussels: their ecology and physiology*. Cambridge University Press. Cambridge, London, New York, Melbourne 1975, 13-121.
- Botndýragrunnur. (2018). Gagnagrunnur um botnlægar tegundir sjávardýra á Íslandsmiðum. Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Óbirt.
- FAO. (2020). Food and Agriculture Organization. <http://www.fao.org/fishery/statistics/global-production>.
- Goasling, E. (1992). *Population systematics and geographic distribution of Mytilus edulis*. Í: The mussel *Mytilus*: Ecology physiology, genetics and culture (ritstj. E Goasling). Elsevier, London. 1-20.
- Guðrún G. Þórarinsdóttir. (1987). *Dyrkning af blámuslinger (Mytilus edulis) i Hvítanes, Hvalfjörður, Ísland, 1986-1987*. Speciale opgave i biology ved Århus Universitet.
- Guðrún G. Thórarinsdóttir. (1997). Stock assessment, distribution and population structure of blue mussels (*Mytilus edulis*) in Hvalfjörður south-west Iceland. *ICES, Shellf. Comm. CM*. 1997/BB:18. 8 bls.
- Guðrún G. Thórarinsdóttir. (1996). Gonad development, larval settlement and growth of *Mytilus edulis* L., in a suspended population in Hvalfjörður, southwest-Iceland. *Aquaculture Research*, 27, 1996, 57-65.
- Guðrún G. Thórarinsdóttir og Karl Gunnarsson. (2003). Reproductive cycles of *Mytilus edulis* L. on the west and east coasts of Iceland. *Polar Research* 22(2):217-223.
- Herlyn, M. (2005). Quantitative assessment of intertidal blue mussel (*Mytilus edulis* L.) stocks: combined methods of remote sensing, field investigation and sampling. *Journal of Sea Research* 53, 243 – 253.
- Hoffmann, E. og Kristensen, P. (1997). *Blámuslingebestanden i Limfjorden 1997*. DFU rapport nr. 38-97.
- Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson, Ólafur Karvel Pálsson. (1998). *Sjávarnytjar við Ísland*. Reykjavík, Mál og menning, 280 bls.
- Lúðvík Kristjánsson. (1980). *Íslenskir Sjavarhættir*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Newell, C. (1990). *Guide to: Mussel quality control*. Sea Grant College Program, University of Maine, Orono, Maine.
- Kristensen, P.S. (1993). Growth and production of small mussels (*Mytilus edulis* L.) sorted and relayed from commercial catches in Limfjorden. *ICES C.M.*1993/K:12, 25 bls.
- Phil, N.J., og Kristensen, P.S., 1998. Blámuslingebestanden i det danske Vadehav efteråret 1997. DFU rapport nr. 49-98.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir og Björn Theódórsson. (2003). *Vinnsla á kræklingi*. Veiðimálastofnun. VMST-R/0320. 30 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir, Björn Theódórsson og Sigurður Már Einarsson. (2005). *Kræklingarækt á Íslandi: Ársskýrsla 2004*. Veiðimálastofnun. VMST-R/0501. 32 bls.

Viðauki

1. Stöðvalýsingar

1.1. Patreksfjörður (7. mynd)

Átta stöðvar voru skoðaðar í Patreksfirði á 2-36 m dýpi. Flestar stöðvar voru á sandbotni, fínun yfir í grófan en einnig á hörðum botni, klöpp. Alls sáust 11 tegundir botndýra í firðinum auk þörunga og fiska (Tafla 1). Enginn kræklingur fannst á svæðinu en ríkjandi tegundir voru mismunandi eftir stöðvum, ígulker, kúfiskel, slöngustjarna og stórkrossi.



7. mynd. Rannsóknarstöðvar í Patreksfirði. Svartur punktur táknar stöð með engum kræklingi.
Figure 7. Investigation sites in Patreksfjörður. A yellow point is a station without blue mussels.

Stöð 1, fyrir utan Örlygshöfn. Staðsetning: 65°35'50N-24°07'0, 2-9 m dýpi.

Grófur botn yfir í sandbotn grynna.

Af skjá voru greindar 5 tegundir botndýra, **ígulker**, aða (grófur botn) og kúfiskel, sandmaðkur, sandkoli auk þráðlaga þörunga og þarabrúska.

Stöð 2, Sandoddi (við flugvöll). Staðsetning: 65°37'00N-23°59'50, 4-36 m dýpi.

Fínn sandbotn.

Af skjá voru greindar 5 tegundir botndýra, **kúfiskel** (dauð og lifandi), **slöngustjarna**, ígulker, krossfiskur og sæsol en auk þess mikið af svifi.

Stöð 3, fyrir innan kapal í Patreksfirði. Staðsetning: 65°33'40N-23°56'40, 33 m dýpi.

Ljós leirbotn.

Af skjá voru greindar 8 tegundir botndýra, **slöngustjarna**, ígulker, beitukóngur, hafkóngur hörpudiskur, stóri krossi og kúfiskel (dauð og lifandi), sandkoli og mikið af svifi.

Stöð 4, fyrir utan Skápadal. Staðsetning: 65°31'20N-23°50'65, 5-15 m dýpi.

Grófur botn yfir í sandbotn á 15 m.

Af skjá voru greindar 5 tegundir/hópar botndýra, **stórkrossi**, slöngustjarna, sæbjúga, sæsól, sandkoli auk ógreindra marglytta.

Stöð 5, Patreksfjarðarbotn. Staðsetning: 65°32'10N-23°47'85, 8 m dýpi.

Sandbotn.

Aðeins sandkoli sjáanlegur.

Stöð 6, við Hlaðseyri. Staðsetning: 65°32'20N-23°53'80, 15 m dýpi.

Sandbotn.

Af skjá voru greindar 3 tegundir botndýra, **sandkoli**, slöngustjarna og krossfiskur.

Stöð 7, fyrir utan Blakk. Staðsetning: 6540'00N-24°21'50, 30 m dýpi.

Harður, klapparbotn og mikill straumur.

Af skjá var aðeins ein tegund botndýra sjáanleg, krossfiskur, auk hrossapara og svampa.

Stöð 8, Breiðavík. Staðsetning: 6534'10N-24°24'40, 22 m dýpi


Grófur skeljasandur.

Af skjá var aðeins ein tegund botndýra sjáanleg, aða, þar að auki þari og þorskur.

1.2 Breiðafjörður

1.2.1 Vatnsfjörður (8. mynd)

Þrjár stöðvar voru skoðaðar í Vatnsfirði á 3-18 m dýpi allt á mjúkum botni, leir yfir í sand. Alls sáust 6 botndýrategundir í firðinum var **kræklingur** á öllum stöðvum og í töluverðu magni á tveimur. Kræklingurinn var allsstaðar smár.



8. mynd. Rannsóknarstöðvar í Vatnsfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.
Figure 8. Investigation sites in Vatnsfjörður. A red point is a station with blue mussels.

Stöð 1, innarlega. Staðsetning: 65°34'26N-23°09'01, 5-6 m dýpi

Sand- og leirbotn.

Á skjá sáust 3 tegundir botndýra, **kræklingur** (litlar skeljar niðurgfarnar í sandi), krossfiskur og trjónukrabbi.

Stöð 2, innarlega við eyrina. Staðsetning: 65°34'03N-23°09'59, 3-6 m dýpi

Sand- og leirbotn


Á skjá sáust 5 tegundir botndýra, **beitukóngur**, **trjónukrabbi**, krossfiskur, kúfiskel, kræklingur auk þráðlaga þörungna. Tekið sýni með plógi en aðeins komu brúnir þráðlaga þörungar og lítið af kræklingi.

Stöð 3, utan við yfirgefna laxeldisstöð. Staðsetning: 65°34'05N-23°09'50, 10-18m dýpi

Leirbotn yfir í sandbotn með steinum.

Á skjá sáust 6 tegundir botndýra, **kræklingur**, krabbi, krossfiskur, kúfiskel, ígulker, beitukóngur auk marglyttu og þráðlaga þörungna með smáum kræklingi.


Tekið var plógsýni til lengdar- og kjötinnihaldsmælinga á kræklingi. Skeljarnar voru smáar, meðallengd 30 mm (9. mynd) en kjötinnihald þeirra hátt, 26% (20. júní 1998).



9. mynd. Lengdardreifing kræklinga á stöð 3 í Vatnsfirði.
 Figure 9. Length distribution of blue mussels at station 3 in Vatnsfjörður.

1.2.2. Kjálkafjörður (10. mynd)

Fjórar stöðvar voru skoðaðar í Kjálkafirði á 2-14 m dýpi á malar- og sandbotni. Sjö botndýrategundir sást og kræklingur sást í litlu magni á tveimur stöðvum. Aðeins er staðsetning gefin upp á 2 stöðvum og í töflu eru aðeins þessara stöðva getið.



10. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kjálkafirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.
 Figure 10. Investigation sites in Kjálkafjörður. A red point is a station with blue mussels.

Stöð 1, við Hádegisnes. Staðsetning: 65°34'17N-22°55'40, 2-12 m dýpi

Möl (grynnst), sandur, grjót og kalkskán dýpst.

Á skjá sáust 3 tegundir botndýra, ígulker, stórkrossi og sæbjúga fyrir utan dauðan krækling og þráðlaga þörungum.

Stöð 2, við Skiptá innst í firði. Staðsetning: ónákvæm, 2-8 m dýpi.

Malar- og sandbotn.

Á skjá sást aðeins ein tegund botndýra, stóri krossi auk þörungum.

Stöð 3, í vík innarlega í firði. Staðsetning: 65°35'18N-22°56'86, 2-8 m dýpi.

Malar- og sandbotn.

Á skjá sáust 3 tegundir botndýra, trjónukrabbi, kræklingur (ein kippa), sandmaðkur auk þara sem jókst með dýpi.


Stöð 4, miður fjörður vestanmegin. Staðsetning: ónákvæm, 2-14 m dýpi

Sléttur sandbotn.

Á skjá sáust 6 tegundir botndýra, **kræklingur** (klasar með brúnum þráðlaga þörungum), kúfiskel, trjónukrabbi, stórkrossi, sandmaðkur, sæfifill auk þráðlaga þörungum.

1.2.3. Kerlingarfjörður (11. mynd)

Fimm stöðvar voru skoðaðar í Kerlingarfirði á 2-23 m dýpi, á leir-, sand- og grófum botni. Alls sáust 9 botndýrategundir í firðinum og kræklingur sást á fjórum stöðvum og alltaf í litlu magni. Fáir klasar en skeljar nokkuð stórar.



11. mynd. Rannsóknarstöðvar í Kerlingarfirði. Rauður punktur táknar stöð þar sem kræklingur fannst.

Figure 11. Investigation sites in Kerlingarfjörður. A red point is a station with blue mussels, a black point without.

Stöð 1, botn við Öxli. Staðsetning: 65°35'64N-22°47'17, 2-7 m dýpi

Grófur malarbotn með sandfleckjum á milli. Eyðilegt svæði.

Á skjá sáust 3 tegundir botndýra, ígulker, krossfiskur og trjónukrabbi auk þara og kalkskánar.

Stöð 2, botn. Staðsetning: 65°36'23N-22°49'11, 2-22 m dýpi

Grófur malarbotn grynnt en mjúkt dýpra.

Á skjá sáust 8 tegundir botndýra, **ígulker, trjónukrabbi**, hörpudiskur, krossfiskur, kúfiskel, sæfífill, kræklingur (litið magn) og sandkoli. Myndað alveg upp í fjöru og varð botninn grófari nær landi.

Stöð 3, Botn. Mjóifjörður, gengur inn af Kerlingarfirði. Staðsetning: 65°37'03N-22°50'49, 2-23 m dýpi.

Leirbotn yfir í grófan botn (möl).

Á skjá sáust 4 tegundir botndýra, kræklingur, trjónukrabbi, stórkrossi og kúfiskel. Á 8 m dýpi sást kræklingur í klösum, en í litlu magni. Á 14 m dýpi var botn orðinn grófur (steinar) og þari jókst til muna og á 16 m dýpi sást einn kræklingsskeli.

Stöð 4, botn. Miður Kerlingarfjörður vestan megin. Staðsetning: 65°35'22N-22°51'06, 2-7 m dýpi.

Sandbotn með smásteinum þöktum kalkskán.

Á skjá sáust 4 tegundir botndýra, **ígulker, krossfiskur**, trjónukrabbi og kræklingur (nokkrir klasar).


